

Fundargerð stjórnarfundar BÍS

4. stjórnarfundur BÍS, þann 12.mars árið 2024. Fundurinn haldinn þriðjudaginn 12.mars frá 19:00-21:30 í Hraunbæ 123.

Mætt á fundinn: Huldar, Sævar, Þórhallur, Halldóra, Kolbrún, Harpa Ósk, Unnur, Ragnar, Lára.

Fundarstjóri: Harpa Ósk Valgeirsdóttir

- Fjármál BÍS - Halldóra Inga
 - Fjárhagsáætlun BÍS rædd og spurningum svarað. Tekið er fram að frávik frá árinu '23 til ársins '24 er það sem rekstur WSJ.
 - Markaðskostnað vantar inn í fjárhagsáætlun BÍS og þarf að bæta við.
 - Stjórn hrósar Fjármálastjóra, Bókara og framkvæmdastjóra fyrir góða fjármálastjórn og gott aðhald í rekstri.
 - Uppgjör BÍS 2023 – Afskriftir voru hærri en gert var ráð fyrir og útskýrist af útlögðum kostnaði við teikningar af Hádegismóum og tölvubúnaði í uppgjöri 2023.
 - Ársreikningur BÍS ræddur og fjármálastjóri svaraði spurningum.
 - Undirskriftir Ársreikninga verða 19.mars '24 og spurningar þurfa að koma fyrir þann tíma.
 - Ákveðið að boða nýjan stjórnarfund eftir viku til að ljúka samþykktum fyrir fjármál BÍS fyrir skátaþing.
- Prókúra Úlfjótsvatns - Ragnar Þór
 - Breytt prókúra fyrir Skátamiðstöðina á Úlfjótsvatni samþykkt af stjórn.
- Landsmót skáta 2024 - Kolbrún Ósk
 - Staða undirbúnings
 - Undirbúningur mætti vera kominn lengra en ágætis gangur er á málum.
 - Klósettmálin rædd sérstaklega og aðkeypt klósett þarf að setja fram.
 - Þóknun BÍS þarf að ákveða af stjórn BÍS.
 - Stjórn óskar eftir því að á næsta fundi stjórnar (19.mars) verði fjárhagsáætlun komin nægilega langt til þess að stjórn geti samþykkt.
 - Fjarnámskeið Safe from harm er í skipulagningu fyrir erlenda þátttakendur sem eru yfir 18 ára.

- Heimildarmynd Landsmóta 2024
 - Búið er að hitta Bergþóru sem ætlar að búa til kostnaðaráætlun.
 - Bergþóra er laus í vinnu til þess að vinna að heimildarmynd.
 - Óskað eftir frekari greiningu á kostnaði og verður heimildarmynd tekin fyrir aftur 19.mars.
- Fjárhagsáætlun Landsmóta
 - Yfirferð fjárhagsáætlunnar og umræður.
 - Greiðsla Erlendra þátttakenda rædd og sérstaklega ræddur hópur frá Úkraínu og möguleikar þess að fá styrki fyrir þátttöku þeirra.
 - Gengist er við því að uppfæra áætlun fyrir fund 19.mars '24.
 - Skátamót á að ganga að öllu á Úlfjótuvatni. Greiðsla sem kemur á mótí því er í þjónustusamning. Skátamót hafa rétt á að nota aðstöðu á Úlfjótuvatni án sérstaks endurgjalds, í samráði við stjórnendur.
- Skátaping 5-7 apríl - Harpa Ósk
 - Lagabreytingartillögur og innsendar lagabreytingartillögur ræddar og samþykkt að leggja fyrir þing.
 - Breytingartillaga 17. Greinar rædd og verður lögð fyrir skátaping
 - Breytingartillaga 20. Greinar rædd og verður lögð fyrir skátaping
 - Breytingartillaga 21. Greinar rædd og verður lögð fyrir skátaping
 - Breytingartillaga 19. Greinar rædd og verður lögð fyrir skátaping
 - Breytingartillaga 26. Greinar rædd og verður lögð fyrir skátaping
 - Breytingartillaga 2. Greinar rædd og verður lögð fyrir skátaping
 - Breytingartillaga 16. Greinar rædd og er vísað aftur til ungmennapings með ósk um að henni verði skilað aftur eftir viku.
 - Breytingartillaga frá WOSM v.GSAT rædd og verður lögð fyrir þing - á við um eftirfarandi greinar:
 - 21. Grein
 - 23. Grein
 - 26. Grein

- Samþykkt hefur verið að setja efnisyfirlit í lögin á heimasíðu BÍS
 - Kynhlutlaus texti laga BÍS verður lesinn yfir af þriðja aðila og samþykktur á næsta fundi stjórnar.
 - Innsend lagabreytingatillaga rædd og beðið verður um að viðkomandi leggi lagabreytingatillöguna sem ályktun á skátaþingi og að umræðan verði tekin á skátaþingi.
- Starfsáætlun BÍS til umræðu og samþykktar - Unnur
 - Verður staðfest í tölvupósti.
 - Árgjald BÍS til umræðu og samþykktar - Ragnar Þór
 - Samþykkt er að gjald verður hækkað upp í 700kr.
 - Ársskýrsla BÍS til umræðu og samþykktar - Harpa Ósk
 - Verður send í tölvupósti til samþykktar
 - Dagskrá skátaþings til umræðu og samþykktar - Þórhallur
 - Ekki rætt, vísað til næsta fundar.
 - Reglugerðir BÍS til endurskoðunar og kynningar fyrir þing - Þórhallur
 - Ekki rætt, vísað til næsta fundar.
 - Boðsbréf - senda sérstaklega á ráðherra barna og menntamála.
 - Heiðursmerki - Harpa og Þórhallur taka að sér.
 - Látinir á árinu - Minnast allra látinna félaga á árinu, nema ef viðkomandi er starfandi, þá skal nafngreina.
 - Styrktarsjóður skáta - Beiðnir, heimildir og reglugerð - Harpa & Þórhallur
 - Ekki rætt, vísað til næsta fundar.
 - Önnur mál

Fundi slitið 21:34

Viðburðir og verkefni fram undan:

<i>Dags.</i>	<i>Viðfangsefni</i>
13.mars	Stjórnarfundur
26.mars	Stjórnarfundur
4.apríl	Samhristingur stjórnar og starfsfólks
5-7.apríl	Skátaþing á Sólheimum
apríl	Samfundur stjórnar og ráða
9-12.maí	Norðurlandaþing í Færeyjum